

Sp. 397. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um frumkvæði opinberra aðila varðandi fjölþjóðlegar ráðstefnur hér á landi.

Flm.: Heimir Hannesson, Benedikt Gröndal, Eyjólfur K. Jónsson, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við þjónustuaðila í íslenskum ferða- og samgöngumálum að kanna hið fyrsta leiðir til að auka fjölþjóðlegt ráðstefnuhald hér á landi, m. a. vegna hinna miklu gjaldeyristekna, sem ráðstefnuhald skapar. Einkum verði íslenskar stofnanir og samtök, er hlut eiga að alþjóðlegu samstarfi, hvattar til að beita sér fyrir því að Ísland fái sinn skerf af fundum og ráðstefnuhaldi, sem fram fer á vegum þeirra aðila.

Greinargerð.

Fæstum, sem ekki starfa að íslenskum samgöngu- og ferðamálum, er ljóst hve mikla þýðingu það hefur að auka nýtingu flutningatækja og þjónustuaðstöðu utan hins skamma annatíma yfir hásumarið. Það er samdóma álit allra þeirra, er að ferðamálum vinna, að aukning á fjölþjóðlegum ráðstefnum á Íslandi gæti aukið gjaldeyristekjur þjóðarbúsins verulega, sbr. það tölulega yfirlit, sem hér fer á eftir um líklegar gjaldeyristekjur af einni tiltölulega lítilli ráðstefnu. Fyrir utan hinar beinu tekjur er að sjálfsögðu mjög aukið hagræði að því fyrir hina ýmsu viðskiptaaðila ferðaþjónustunnar að nýta alla aðstöðu lengur en ella, svo sem fyrir flugfélög, hótél, veitingahús og aðra sambærilega aðila. Miðað við þær verulegu tekjur, sem þessi starfsemi skapar, er eðlilegt að hið opinbera hafi frumkvæði að því í samvinnu við þjónustuaðila í samgöngu- og ferðamálum, að vinna að því á skipulegan hátt að fá hingað til lands fjölþjóðlegar ráðstefnur af viðráðanlegri stærð. Í þessu sambandi má minna á að Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðlegum stofnunum og samtökum, sem halda fundi og ráðstefnur árlega eða oftár á ári. Það mundi mjög flýta fyrir framgangi þessa máls, ef ríkisstjórn Íslands beinlínis fæli fulltrúum sínum í hinum ýmsu fjölþjóðlegu samtökum og stofnunum að vinna að því að ráðstefnur og fundir yrðu haldnir hér á landi innan eðlilegra marka og íslensk stjórnvöld á hverjum tíma legðu eitthvað af mörkum þegar slíkar ráðstefnur væru haldnar hér. Slíkt væri að sjálfsögðu framkvæmdaratriði hverju sinni, en yrði í reynd mikill hvati þess að unnið væri ekki síður að þessum málum af hinum ýmsu aðilum, er viðskiptalega væru tengdir framkvæmd slíkra ráðstefna.

Eftirfarandi er lauslegt yfirlit varðandi líklega eyðslu 56 manna hóps, sem kæmi til ráðstefnuhalds hér á landi frá ýmsum stöðum í heiminum. Þetta er lítill hópur á alþjóðlega visu, en mjög viðráðanlegur fyrir íslenskar aðstæður og vel það, þó að hann væri töluvert stærri. Yfirlit þetta er byggt á nýjum upplýsingum frá starfandi aðilum í ferða- og samgöngumálum.

1. Ráðstefna 56 manna, sem koma frá 8 borgum, sjö menn frá hverjum stað. Hér fer á eftir listi yfir þá ásamt fargjaldagreiðslum:

Osló	7 × N. kr.	2 130.00	isl. kr.	445 809
Stokkhólmur	7 × S. kr.	2 048.00	—	538 746
Kaupmannahöfn	7 × D. kr.	2 434.00	—	457 470
Luxembourg	7 × L. fr.	17 716.00	—	533 251
London	7 × UK£	139.80	—	349 360
Glasgow	7 × UK£	112.20	—	280 387
New York	7 × US\$	432.00	—	450 576
Chicago	7 × US\$	528.00	—	550 704

Fargjöld samtals isl. kr. 3 606 303

Ofangreind fargjöld eru full fargjöld. enda má reikna með að svo sé með alþjóðlega ráðstefnu af þessari stærð. Með stærri fundi, þar sem þátttakendur eru fleiri frá hverjum stað, þannig að myndun hópa getur orðið, þá lækkar þessi liður verulega.

2. Ráðstefnan stendur í þrjá daga, sem þýðir fimm daga með ferðum og gistingu hér í fjórar nætur. Gert er ráð fyrir að af þessum 56 þátttakendum búi 30 í eins manns herbergjum og 26 í tveggja manna.

Gistikostnaður (vetraverð).

30 á US\$ 14 per dag × 4	isl. kr.	250 320
26 á US\$ 10 per dag × 4	—	154 960

Gisting samtals: isl. kr. 405 280

Stundum er að makar þátttakenda koma með þeim, og mundi þá gistiliður ásamt matarkostnaði o. fl. hækka.

3. Matarkostnaður:

Morgunverður	56 á \$2.75 pr. dag × 4	isl. kr. 92 400
1 × kvöldverður	56 á \$14	— 117 600
2 × kvöldverður (cafet.)	56 á \$5 pr. dag × 2	— 84 000
1 × veisla	56 á 25	— 210 000
Kaffi á fundum (56×6)	336 kaffi × kr. 60	— 20 160

Samtals: isl. kr. 524 160

4. Flutningar í langferðabílum:

Flutningar til og frá Keflavík, á milli staða í Reykjavík, vegna boða, heimsóknna og kynnisferða isl. kr. 62 400

5. Annar kostnaður:

Prentun á ýmsum eyðublöðum, t. d. þáttökutilkynningum, upplýsingum um efni fyrirlestra.

Prentun á dagskrá, fyrirlestrum og fundarskýrslum.

Merking fundarboða, nafnspiöld þátttakenda.

Laun vegna vélritunar við undirbúning fyrirlestra og fundargerðir.

Gera má ráð fyrir að notuð verði upptaka á segulband og að ræðumenn þurfi aðstoð, ef þeir nota glærur o. fl.

Kostnaður vegna pósts og síma.

Gera má ráð fyrir möppum undir gögn fundar.

Samtals isl. kr. 402 000

6. Benda má á að inn í þessar tölur er ekki reiknuð persónuleg eyðsla þátttakenda, t. d. innkaup, gjafir, aðrar veitingar, leigubílar o. fl. Ekki er ósennilegt að slík eyðsla sé í námunda við isl. kr. 8 000.00 á þátttakanda, eða samtals isl. kr. 448 000

Samtals isl. kr. 5 558 143

Geta má þess í sambandi við ofangreint, að í skýrslu sérfræðinga á vegum Sameinuðu þjóðanna er könnuðu íslensk ferðamál. útgefinni af samgönguráðuneytinu í ágúst 1973, sagði m. a. um ráðstefnuhald á Íslandi:

„Mestir möguleikar eru taldir á aukningu ráðstefnuhalds á Íslandi. Talið er að ýmiss konar ráðstefnu- og fundargestir hafi verið 2 700 árið 1972. Með réttu skipulagi og kynningarstarfsemi ætti sá fjöldi að geta vaxið í 5 000 innan fimm ára og 10 000 fyrir 1980. Sérstaklega ætti að beina ráðstefnum á tímum utan aðal-

ferðamannatímans og gætu þær haft mikil áhrif í þá átt að lengja hann. Hvað heimamarkaði viðkemur er það síður að halda fundi og þing seinni hluta vetrar. Ráðstefnuaðstaða, sem byggð yrði, gæti því reiknað með einhverjum innanlandsviðskiptum utan aðalferðamannatímans“.

Ljóst er af ofangreindu að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða fyrir íslenska þjóðarbúið. Aukið ráðstefnuhald utan sumartímans nýtir fyrst og fremst þá aðstöðu, sem þegar er fyrir hendi og væri ónotuð ella — og færir þjóðarbúinu milljónir í erlendum gjaldeyri.